

D Ó M U R

Mál þetta var höfðað með birtingu stefnu 1. apríl 2016 og dómtekið að lokinni aðalmeðferð 4. janúar sl. Stefnendur eru Árni Þór Árnason, Seilugranda 17, Reykjavík og Karl Steingrímsson, Laugarásvegi 35, Reykjavík. Stefndi er Junior Chamber International á Íslandi, Hellusundi 3, Reykjavík.

Stefnandi Árni Þór krefst þess að stefndi greiði honum 1.733.576 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 3. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 18. maí 2013 til greiðsludags. Stefnandi Karl krefst þess að stefndi greiði honum 4.918.343 krónur með sömu dráttarvöxtum. Stefnendur krefjast einnig hvor um sig málskostnaðar.

Stefndi krefst aðallega sýknu, en til vara að kröfur stefnenda verði lækkaðar. Hann krefst einnig málskostnaðar.

Helstu ágreiningsefni

Ágreiningur aðila lýtur að skyldu stefnda til að endurgreiða fé sem stefnendur inntu af hendi árið 1986 til kaupa á fasteign að Hellusundi 3, Reykjavík í þágu stefnda samkvæmt kaupsamningi dagsettum 24. september 1986. Gera stefnendur kröfu um endurgreiðslu fjárframlaga sinna, að viðbættum 5,75% vöxtum og verðbótum. Ekki er tölulegur ágreiningur um fjárhæðir þessara krafna stefnenda. Af hálfu stefnda er fallist á að stefnendur hafi haft heimild til að greiða sér til baka þær fjárhæðir sem þeir inntu af hendi með tekjum sem kæmu til vegna leigu á húsnæðinu, en stefnendur sátu í stjórn húseignarinnar svo sem síðar er rakið. Hins vegar mótmælir stefndi því að stefnendur hafi eignast beina kröfu gegn stefnda eða að slík krafa hafi átt að bera vexti og verðbætur. Ýmis atvik málsins eru umdeild, svo sem síðar greinir.

Yfirlit um málsatvik

Haustið 1986 festi stefndi, sem er félagasamtök og hluti af alþjóðlegri hreyfingu fyrir ungt fólk, kaup á fasteigninni að Hellusundi 3, Reykjavík. Í stefnu er forsögu kaupanna lýst svo að stefnendur, ásamt Ásgeiri Gunnarssyni, hafi verið meðlimir í hreyfingu stefnda um árabil og borið hag hennar fyrir brjósti. Stefndi hafi ekki átt húsnæði undir starfsemi sína og verið á hrakhólum. Þremmingarnir hafi viljað sýna þakklæti sitt í verki og ákveðið að koma upp húsnefnd með það fyrir augum að koma þaki yfir hreyfinguna.

A

Með kaupsamningi 24. september 1986 festu nefndarmenn fyrir hönd stefnda kaup á húsnæðinu að Hellusundi 3, Reykjavík. Samkvæmt kaupsamningum var

kaupverðið 5.500.000 krónur sem kaupandi lofaði að greiða með 1.000.000 króna við undirritun kaupsamnings, 500.000 krónum 20. desember 1986 og 500.000 krónum 20. mars 1987. Tekið var fram í samningum að tvær síðartöldu útborgunargreiðslurnar skyldu inntar af hendi með víxlum samþykktum af stefnanda Karli, útgefnum af Ásgeiri Gunnarssyni og ábektum af stefnanda Árna Þór. Eftirstöðvarnar, 3.500.000 krónur, skyldi greiða með sjö skuldabréfum, hverju að fjárhæð 500.000 krónur. Skuldabréfin voru hvert um sig með einum gjalddaga og var gjalddagi síðasta skuldabréfsins 1. október 1990. Undir kaupsamninginn rituðu stefnendur ásamt Ásgeiri Gunnarssyni fyrir hönd stefnda.

Með bréfi stefnenda og téðs Ásgeirs til landstjórnar stefnda 5. desember 1986 er vísað til þess að svo virðist sem upp hafi komið ágreiningur um það hvort tímabært hafi verið að leggja út í fjárfestingu JC-húss. Er í því sambandi í fyrsta lagi vísað til þess að raddir séu uppi um að enginn hafi vitað hvaða fjárfesting væri í aðsigi; í annan stað að landstjórn stefnda sjái tæpast möguleika á því að greiða fyrirhugaða húsaleigu; í þriðja lagi að undirritaðir hafi möguleika á því að leigja út húsið til að standa undir fjármögnun fyrir utan þá upphæð sem þeir sjálfir leggi til og standi í ábyrgð fyrir. Því næst segir í bréfinu: „Í ljósi alls þessa, og til að að koma í veg fyrir ágreining innan JC-hreyfingarinnar, höfum við ákveðið að axla byrðina sjálfir, fram til ársins 1990, og munum þá afhenda hreyfingunni húsið formlega og þá í góðu ástandi og skuldlaust.“

Í stefnu málsins kemur fram að brugðið hafi verið á það ráð að stefnendur, ásamt Ásgeiri, legðu húsnefndinni til lán fyrir útborgun húsnaðisins. Hafi stefnandi Karl lagt til 501.386 krónur og stefnandi Árni Þór og Ásgeir Gunnarsson 200.000 krónur hvor um sig. Við aðalmeðferð málsins kom fram að ekki er lengur um það deilt að stefnendur hafi í reynd lagt fram umræddar fjárhæðir til kaupanna þótt í greinargerð stefnda sé vísað til þess að ekki liggi fyrir gögn um þessi framlög. Af hálfu stefnda er hins vegar bent á að kaupin hafi einnig verið fjármögnuð með styrkjum sem þremmingarnir öfluðu, þ. á m. frá Eimskipafélagi Íslands. Húsið var formlega afhent stefnda með viðhöfn hinn 2. maí 1987 að viðstöddum stefnendum.

Í ársskýrslu landsforseta stefnda fyrir starfsárið 1986 til 1987 var rætt um kaup á húseigninni sem það verkefni á starfsárinu sem hefði markað tímamót. Þá sagði orðrætt í skýrslunni: „Þetta frábæra framtak þessara þriggja félaga, þeirra Karls J. Steingrímssonar, Ásgeirs Gunnarssonar og Árna Þórs Árnasonar á eftir að verða hreyfingunni mikil lyftistöng í framtíðinni. Sá hugur sem þeir sýna hreyfingunni í þessu verki, er til eftirbreytni fyrir okkur hin og verður seint fullþakkað.“

Hinn 7. maí 1989 var gerður „samningur“ milli stefnda og „eignaumsýslunefndar“ sem stefnendur skipuðu ásamt fyrrnefndum Ásgeiri

Gunnarssyni. Með téðu skjali var staðfest að stjórn stefnda setti á fót sérstaka eignaumsjónarnefnd með húseigninni að Hellusundi 3. Nefndin var skipuð til fimm ára en að þeim tíma liðnum skyldi endurskoða samninginn með hag hreyfingarinnar í huga. Þá sagði að nefndin heyrði beint undir landsforseta stefnda og skyldi nefndin gera honum grein fyrir stöðu mála.

Ekki er um það deilt að umrædd nefnd sá um rekstur á fasteigninni að Hellusundi 3 en ein hæð var nýtt undir starfsemi stefnda. Í kjölfar andláts Ásgeirs Gunnarssonar voru ekkju hans greiddar 500.000 krónur 11. janúar 1991. Af hálfu stefnenda er vísað til þess að útborgun hafi verið af sparisjóðsbók stefnda. Stefndi vísar hins vegar til þess að um hafi verið að ræða ákvörðun nefndarinnar, þ.e. stefnenda, án sérstaks samþykkis eða vitneskju fyrisvarsmanna stefnda.

Sérstök reglugerð var gefin út af landsforseta stefnda um stjórn hússins árið 1991. Sagði þar í 1. gr. að tilgangur með skipan stjórnarinnar væri að tryggja rekstur JC hússins og skila því skuldlausu í hendur hreyfingarinnar. Samkvæmt 2. gr. skyldi stjórnin skipuð þremur einstaklingum, stefnendum ásamt starfandi landsforseta stefnda. Í 3. gr. var kveðið á um verkhætti stjórnarinnar. Sagði þar meðal annars að landsforseti bæri ábyrgð á störfum stjórnarinnar gagnvart stjórn stefnda og skyldi hann gera grein fyrir málefnum hússtjórnar að loknum ársfjórðungslegum fundum um rekstur hússins. Þá kom fram að reikningsár hússins skyldi miðast við starfsár stefnda og skyldu reikningar þess vera gerðir upp og skilað í hendur landsstjórnar, endurskoðaðir af endurskoðendum hreyfingarinnar í loks hvers starfsárs. Í 4. gr. sagði að stjórnin skyldi ljúka störfum í núverandi mynd í lok þess starfsárs, er gefendur hússins hefðu losnað undan fjárhagslegum skuldbindingum tengdum húsinu og rekstri þess. Ný reglugerð var gefin út árið 1997 og var þar áfram kveðið á um setu stefnenda í stjórn hússins og vísað til þeirra þar sem „fjárhaldsmanna hússins“.

B

Í greinargerð stefnda segir að á árinu 1996 hafi verið búið að greiða áhvílandi skuldir af fasteigninni og hafi vaknað umræður innan hreyfingar stefnda um hvort rétt væri að selja húsið. Í málinu liggur fyrir sameiginleg yfirlýsing „húsakaupanefndar“ og nokkurra landsforseta liðinna ára, dagsett 8. maí 1996. Í yfirlýsingunni er ítrekað að stefnendur, ásamt Ásgeiri Gunnarssyni, séu gefendur hússins að Hellusundi 3, Reykjavík og að þeir hafi fjármagnað kaupin fyrir eigin reikning. Í yfirlýsingunni er jafnframt tekið fram að reglugerð hafi verið sett um stjórn hússins og tilgangur hennar hafi verið að tryggja rekstur hússins „svo unnt væri að greiða upp þær persónulegu skuldbindingar sem gefendur höfðu undirgengist og skyldi húsinu skilað þiggjanda, JC hreyfingunni skuldlaust í hendur

í fyllingu tímans.“ Því næst segir í yfirlýsingunni: „Ekki voru nein tímamörk sett hvenær því marki yrði náð enda háð greiðsluskilmálum lána, greiðslugetu gefenda og arðgreiðslum af rekstri hússins.“ Í yfirlýsingunni er rakið að tilgangur kaupanna hafi verið að skapa stefnda varanlegt húsnæði fyrir höfuðstöðvar sínar og starfsemi þannig að hreyfingunni yrði fengin sú kjölfesta sem tryggði framgang hennar um ókomna tíð. Þá segir eftirfarandi: „Aðilum, sem komu að þessu máli var þessi tilgangur að fullu kunnur og jafnframt sú kvöð sem fylgdi gjöfinni af hendi gefanda og þiggjandi undirgekkst með móttöku hennar um að þrátt fyrir að húsið hafi formlega verið afsalað hreyfingunni til fullrar og óskoraðrar eignar, skyldi það ekki selt, gefið, veðsett, bent á það til tryggingar við fullnustugerðir vegna rekstrarskuldbindinga hreyfingarinnar eða ráðstafað á annan hátt með löggæringi uns annað yrði ákveðið af hálfu beggja aðila, gefanda og þiggjanda.“

Samkvæmt gögnum málsins kom hugsanleg sala hússins til umræðu á framkvæmdastjórnarfundum stefnda 11. maí 1996. Í fundargerð fundarins sem Auður Hugufrún Jónsdóttir ritar undir, þar sem stefnandi Karl er bókaður mættur, segir meðal annars: „Sp. Samkvæmt lögum hreyfingarinnar á hreyfingin aðsetur að Hellusundi 3, Rvk. Ef farið verður út í sölu á húsnæðinu, liggur þá sú ákvörðun í höndum þingfundar eða er til einhver samningur milli húsnefndar og JC hreyfingarinnar um slíka ákvörðun? Sv. Vísaði í yfirlýsingu þá sem undirskrifuð var á sínum tíma, en tilgangur kaupanna var að skapa eign sem yrði samastaður hreyfingarinnar og veitti örygg. Húsið verður ekki selt nema gefendur og þiggjendur séu sammála. Minnti á að rekstur hússins er algerlega aðskilinn rekstri hreyfingarinnar.“ Í fundargerðinni koma einnig fram spurningar um framlag „gefenda“ á sínum tíma og hvort þeir muni sjá um rekstur hússins eftir að þeim hafi verið greitt út. Í fundargerðinni segir meðal annars eftirfarandi af þessu tilefni: „Árið 1986 lögðu 3 gefendur fram kr. 500.000, 500.000 og 200.000. Ekkju Ásgeirs heitins ????? [sic!] var greitt út á sínum tíma, en ef gert er ráð fyrir 5,5% meðalvöxtum er skuldin á bilinu 2-3.000.000.“ Þá kom fram að „gefendur“ væru tilbúnir að halda áfram störfum við rekstur hússins, en væru mótfallnir því að það yrði selt.

C

Umræddrar skuldar við stefnendur hefur verið getið í reikningum hússins sem hér segir. Í samantekt á rekstri og stöðu hússins fyrir tímabilið 25. september 1986 til 31. desember 1988 segir að skuldir vegna hússins skiptist í tvo meginþætti. Í fyrsta lagi áhvílandi lán vegna kaupanna að fjárhæð 3.067.295 krónur, en í öðru lagi skuld við húsnefnd að fjárhæð 1.286.415 krónur. Kemur fram að sú fjárhæð sé ekki framreiknuð. Undir samantektina ritar stefnandi Árne Þór en fram kemur að bókhaldið hafi verið unnið af Kristjáni Þorvaldz endurskoðanda. Í meðfylgjandi

reikningi er að finna nánari sundurliðun skuldarinnar, bæði miðað við nafnvirði og með verðbótum samkvæmt lánskjaravísitölu.

Í rekstrarreikningi fyrir árin 1987 og 1988 eru 1.329.048 krónur tilgreindar undir liðnum „ýmsar skammtímaskuldir“. Byggja stefnendur á því að hér sé meðal annars vísað til skuldar við þá. Í rekstrarreikningi fyrir árin 1989 til 31. maí 1991, og undirritaður er af endurskoðendum stefnda, er undir sama lið tilgreind fjárhæðin 701.386 krónur. Í rekstrareikningi fyrir tímabilið 1. júní 1992 til 31. maí 1993, sem fylgdi skýrslu „húskaupanevndar“ er sama fjárhæð tilgreind fyrir bæði árin 1992 og 1993.

Í ársreikningi fyrir tímabilið 1. júní 1994 til 31. maí 1995, sem jafnframt fylgdi skýrslu húskaupanevndar kemur sömuleiðis fjárhæðin 701.386 krónur fram undir liðnum „ýmsar skammtímaskuldir“ fyrir bæði árið 1994 og 1995. Í skýringum við ársreikninginn segir eftirfarandi: „Við kaup á fasteigninni Hellusundi 3, árið 1986, lögðu tveir nefndarmenn til fjármagn að láni. [/] Í uppgjöri fyrir árið 1994 var lán þetta uppfært með lánskjaravísitölu og rétt þykir að reikna vexti á lán þetta og eru þeir eingöngu settir fram hér í skýringum en ekki gjaldfærðir í rekstrarreikningi.“ Er heildarskuld við stefnanda Karl samkvæmt þessu tilgreind 1.247.054 krónur að núvirði en skuldin við stefnanda Árna sögð nema 497.443 krónum að núvirði. Í ársskýrslu nefndarinnar 1996, sem með fylgdi „ársuppgjör“ fyrir tímabilið 1. júní 1995 til 31. maí 1996 kom efnislega hið sama fram í skýringum. Þar kemur hins vegar einnig fram að skuldin sé nú vaxtareiknuð með 5,75% vöxtum. Er skuldin við stefnanda Karl samkvæmt þessu sögð nema 1.178.561 krónu, en skuldin við stefnanda Árna 470.121 krónu.

Í ársreikningi „hússtjórnar“ fyrir tímabilið 1. júní 1996 til 31. maí 2001 er „skuld við nefndarmenn hússins“ tilgreind óbreytt, 701.573 krónur fyrir allt tímabilið. Í skýringum segir eftirfarandi: „Hússjóður skuldar tveim nefndarmönnum fjármagn, sem þeir lögðu fram við kaup á eigninni Hellusundi 3. Í efnahagsreikningi hefur skuldin verið færð á nafnverði, en gert var ráð fyrir að þessi lán yrðu verðbætt og vaxtareiknuð. Vextir eru reiknaðir 5,75%.“ Er skuldin við stefnanda Karl samkvæmt þessu tilgreind 1.923.940 krónur og skuldin við stefnanda Árna 650.663 krónur. Kemur fram í sundurliðun að tekið hafi verið tillit til innborgunar inn á vexti 1996 að heildarfjárhæð 799.200 krónur.

Sambærilega lýsingu á skuldinni við stefnendur er að finna í ársreikningi fyrir árin 2001 til 2004, en þar er í sundurliðun skuldarinnar einnig vísað til innborgunar inn á vexti 2003 að heildarfjárhæð 200.000 krónur. Í ársreikningi fyrir tímabilið 1. júní 2004 til 31. maí 2006 er vakin athygli á því í „skýrslu hússtjórnar“, sem undirrituð er af stefnanda Karli, að skuld við nefndarmenn hafi hvorki verið verðbætt né vaxtareiknuð. Hins vegar komi fram í skýringum að heildarskuldin

uppfærð nemi 3.522.674 krónum. Sambærilega tilgreiningu skuldarinnar, athugasemdir og skýringar er að finna í síðari ársreikningum hússtjórnar. Samkvæmt skýringum við ársreikning hússtjórnar fyrir tímabilið 1. júní 2010 til 31. desember 2011 nam heildarskuld stefnda við stefnanda Karl þannig 4.275.922 krónum og skuldin við stefnanda Árna 1.507.140 krónum.

Ekki er um það deilt að ársreikningar hússtjórnar hafi verið lagðir fram á landsfundum stefnda. Hins vegar deila aðilar um hvort með þessu hafi reikningarnir verið samþykktir og þá sú tilgreining á skuld við stefnendur sem þar var að finna.

D

Málefni fasteignarinnar að Hellusundi 3 komu til umræðu á landsfundi stefnda árið 2012. Lagði þáverandi landsforseti stefnda, Viktor Ómarssonar, þá fram tillögu um að fleiri kæmu að stjórn hússins en stefnendur og var tillagan samþykkt á þinginu. Í tillögunni fólst nánar tiltekið að hússtjórn yrði skipuð fimm mönnum, þar af væru tveir stjórnarmenn tilnefndir af landsforseta úr röðum svonefndra senatora en formaður hússtjórnar yrði kosinn á landsþingi til þriggja ára í senn. Í málinu liggur einnig fyrir reglugerð um stjórn JC-hússins með ártalinu „2012“ sem gerir ráð fyrir þessari breytingu. Samkvæmt greinargerð stefnda var ástæða breytinganna vaxandi óánægja með rekstur hússins.

Samkvæmt því sem fram kemur í stefnu tilkynnti umræddur landsforseti stefnendum 29. desember 2012 að ætlunin væri að gera breytingar á reglugerð um stjórn fasteignarinnar þannig að fjölgað yrði í stjórn og breytingar yrðu á formannskjöri stjórnarinnar. Jafnframt kom fram að Heiða Dögg Jónsdóttir hefði verið valin sem nýr formaður stjórnarinnar og nafngreindur bókari stefnda myndi framvegis sjá um gerð ársreiknings fyrir húsið. Í stefnu segir að stefnendur hafi ekki talið þessar breytingar til farsældar fyrir hreyfinguna og hafi ekki mætt á boðaðan fund.

Hinn 19. janúar 2013 tilkynnti Einar Valmundsson, nýkjörinn forseti landstjórnar árið 2013, stefnendum að þar sem þeir hefði ekki mætt á boðaðan fund væri litið svo á að þeir gæfu ekki kost á sér til áframhaldandi setu í húsnefnd. Í framhaldi af þessum atburðum óskuðu stefnendur eftir því að stefndi gerði upp skuldir félagsins við þá. Vísa stefnendur til beiðni þessa efnis 17. apríl 2013. Var sú beiðni ítrekuð með tölvubréfi frá stefnanda Árna Þór 1. maí 2013 sem fyrir liggur í málinu. Með hliðsjón af úrlausn málsins er ekki ástæða til að rekja samskipti aðila eftir þetta tímamark eða tilraunir þeirra til að ná sáttum. Með hliðsjón af úrlausn málsins þykir ekki heldur ástæða til að rekja gögn málsins sem lúta að ákvörðunum stjórnar hússins um rekstur og nýtingu húsnaðisins.

Við aðalmeðferð málsins gaf stefnandi Árni Þór aðilaskýrslu. Þá komu fyrir dóminn sem vitni Marta Sigrún Sigurðardóttir, fyrrverandi landsforseti stefnda,

Ingólfur Már Ingólfsson, fyrrverandi landsforseti stefnda, Tryggvi Einar Geirsson, lögg. endurskoðandi, Barbara Dagmar Wdowiak, fyrrverandi landsforseti stefnda, Ari Blöndal Eggertsson, fyrrverandi landsforseti stefnda, Þorsteinn Viðar Sigurðsson, fyrrverandi landsforseti stefnda, Þórður Möller, fyrrverandi landsforseti stefnda og Viktor Ómarsson, fyrrverandi landsforseti stefnda.

Helstu málsástæður og lagarök stefnenda

Stefnendur vísa til þess að þeir hafi lánað stefnda fé til kaupa á áðurlýstri fasteign gegn því að það yrði endurgreitt. Byggja þeir kröfu sína á meginreglunni um skuldbindingargildi samninga. Fjárhæð og sundurliðun krafna stefnenda byggir á tilgreiningu þeirra í áðurlýstum ársreikningi hússtjórnar miðað við 31. desember 2011 auk vaxta og verðbóta til 18. maí 2013.

Stefnendur byggja á því að tilvist og reiknigrundvöllur ofangreindra krafna sé fullsannaður með vísan til fyrirliggjandi gagna málsins. Hafi þeirra frá upphafi verið getið í ársreikningum húsnefndar auk þess sem stefndi hafi ítrekað greitt stefnendum inn á vexti skuldarinnar. Greiðslur stefnda á vöxtum skuldarinnar hafi jafnframt falið í sér viðurkenningu á útreikningi hennar, vöxtum og verðbótapætti. Stefnendur byggja enn fremur á því að á þeim árum sem liðin eru frá umræddri lánveitingu, hafi stefndi aldrei gert fyrirvara eða athugasemdir við lögmæti, fjárhæð eða útreikning krafnanna, eða þar til stefnendum hafi verið komið út úr húsnefnd. Þvert á móti hafi ársreikningar verið samþykktir athugasemdalaust á ársþingum stefnda og undir eftirliti landsforseta stefnda, þar sem reiknigrundvöllur vaxta og verðbótapáttur var útskýrður og tiltekinn sérstaklega. Þá hafi ársreikningar húsnefndar verið yfirlitir af endurskoðanda í umboði stefnda.

Enn fremur byggja stefnendur á því að með yfirlýsingu starfandi landsforseta stefnda, starfsárin 1986-1996, hafi tilvist umræddra krafna verið skýrlega viðurkennd. Þar komi fram að tilgangur stjórnar JC-hússins hafi verið að tryggja rekstur hússins svo að unnt væri að greiða upp þær persónulegu skuldbindingar sem stefnendur höfðu undirgengist. Hafi öllum þeim aðilum sem komu að umræddri yfirlýsingu verið kunnugt um þetta þrátt fyrir að fasteignin hefði verið formlega afsöluð hreyfingunni til fullrar og óskorðaðrar eignar.

Einnig byggja stefnendur á því að efni og tilvist kröfunnar hafi verið viðurkennd með yfirlýsingu hússtjórnar stefnda frá september 2014. Byggja stefnendur á því að óskýr, síðar tilkomin mótmæli stefnda um tilvist kröfunnar geti ekki haft þýðingu. Hafi stefndi sýnt af sér verulegt tómlæti í þessu efni. Benda stefnendur enn fremur á að þar sem áskorun lögmanns þeirra 22. apríl 2015 hafi ekki verið sinnt af stefnda verði að líta svo á að hann samþykki atvikalýsingu og frásögn stefnenda um efni þeirra skjala sem vísað er til þar.

Stefnendur hafna því að kröfur þeirra geti talist fyrndar eða fallnar niður fyrir tómlæti. Kröfur stefnenda hafi stofnast við kaupsamningsgerð 24. september 1986. Kröfurnar hefðu því að öllu jöfnu átt að fyrnast 25. september 1996. Hins vegar byggja stefnendur á því að fyrningarfrestur krafanna hafi verið rofinn ítrekað með mismunandi hætti með vísan til 6. gr. laga nr. 14/1905, þ.e. þær verið viðurkenndar í orði og athöfnum. Stefnendur byggja í fyrsta lagi á því að fyrningarfrestur krafanna hafi endurtekið verið rofinn þegar ársreikningar húsnefndarinnar voru lagðir fyrir ársþing stefnda. Í öllum ársreikningum húsnefndarinnar hafi umþrætt skuld verið tiltekin sérstaklega ásamt frekari útskýringum og sundurliðun. Hafi þessi háttur verið hafður á allt frá stofnun krafanna. Þá séu umræddir reikningar samþykktir af endurskoðanda stefnda og landsforseta.

Stefndi hafi aldrei gert fyrirvara um réttmæti krafna stefnenda eða forsendur fyrir útreikningi þeirra. Hafi stefnendur því mátt skilja framkomu stefnda á þann hátt að kröfurnar hafi verið viðurkenndar allt frá upphafi. Mótmæli stefnda gagnvart kröfunni fjölmörgum árum síðar þegar stefnendur krefjast endanlegra efnda geti ekki haft þýðingu í þessu máli. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum hafi kröfurnar síðast verið viðurkenndar með þessum hætti með framsetningu ársreiknings 2010-2011. Sé skuldin við stefnendur sérstaklega tilgreind þar og uppreiknuð í samræmi við verðbætur og vexti. Þessi ársreikningur hafi verið lagður fram og dagsettur 10. janúar 2012. Þá byggja stefnendur einnig á því að fyrningu krafanna hafi verið slitið með greiðslu stefnda á vöxtum skuldarinnar árin 1996 og 2003. Greiðslur stefnda í ofangreind tvö skipti hafi því falið í sér viðurkenningu á því að stefndi skuldaði stefnendum þá höfuðstólsfjárhæð sem vaxtagrundvöllurinn miðast við. Að lokum byggja stefnendur á því að fyrningu hafi einnig verið slitið með yfirlýsingum árin 1996 og 2014. Þar sé tilvist krafanna viðurkennd með skýrum hætti.

Þá byggja stefnendur á því að vextir af kröfunum geti ekki talist fyrndir, enda hafi þeir verið ógreiddir og höfuðstólsfærðir á 12 mánaða fresti og þar með orðið hluti af höfuðstól kröfunnar í hvert og eitt skipti. Af dómaframkvæmd leiði að ekki þurfi sérstakan áskilnað kröfuhafa þar um.

Stefnendur hafna því að krafa þeirra sé fallin niður sökum tómlætis. Kröfunum hafi verið haldið við með tilgreiningu þeirra í ársreikningum auk þess að tilfallandi verðbætur og vextir hafi verið tilgreindir. Það hafi verið fyrir einstaka góðvild stefnenda og velvild í garð stefnda að ekki hafi verið krafist greiðslu skuldarinnar öll þess ár og einungis látið duga að fá greitt inn á vexti. Aldrei nokkurn tímann hafi þeir með háttsemi sinni gefið í skyn að kröfurnar yrðu láttnar niður falla. Í ljósi þess að stefnendur hafi látið af öllum afskiptum vegna starfsemi

stefnda sé eðlilegt að þess sé nú krafist að umræddar skuldir verði greiddar upp.

Helstu málsástæður og lagarök stefnda

Stefndi vísar til þess að í málinu liggi ekki fyrir nein gögn um fjárframlög stefnenda, hvorki millifærslukvittanir né skuldaskjöl. Hins vegar hafi verið lagðir fram ársreikningar húsnefndar (húsakaupanefndar) sem stillt var upp af endurskoðanda sem stefnendur fengu til verksins og voru samþykktir af stefnendum sjálfum. Stefndi mótmælir því að ársreikningar nefndarinnar hafi komið til umfjöllunar eða verið samþykktir á landsþingum stefnda. Hafi stefndi því aldrei viðurkennt kröfur stefnenda eða skuldbundið sig með öðrum hætti til að greiða stefnendum umrætt fé til baka.

Stefndi vísar til þess að í yfirlýsingu stefnenda 5. desember 1986 komi fram að kaupin á húsinu hafi aldrei átt að verða baggi á stefnda og skila hafi átt húsinu skuldlausu. Sjálfir hafi stefnendur litið svo á að þeir væru gefendur hússins og hið sama hafi gilt um fyrirsvarsmenn og féлага stefnda. Til merkis um það hafi verið settur sérstakur bautasteinn framan við húsið þar sem áritað hafi verið nafn þeirra þriggja sem gefenda hússins. Í þakklætisskyni fyrir örlæti þeirra og fórnfýsi í þágu hreyfingarinnar hafi stefnendur fengið mörg og hlý orð og vegtyllur. Frá öndverðu hafi því aldrei verið litið svo á að störf eða fjárframlög stefnenda í tengslum við kaup eða rekstur hússins gætu undir einhverjum kringumstæðum myndað fjárkröfu á stefnda. Einnig liggi fyrir að fleiri aðilar, bæði innan og utan hreyfingarinnar, hafi lagt fram fé til kaupa á húsinu. Af framangreindu og yfirlýsingum stefnenda fyrstu árin eftir að húsið var keypt verði ekki annað ráðið en að um örlætisgerning hafi verið að ræða af hálfu stefnenda og viðtaka stefnda hafi verið án allra fjárhagsskuldbindinga.

Að því er varðar færslur í ársreikninga húsakaupanefndar um fjárframlag stefnenda frá og með árinu 1990 sé ekki hægt að líta svo á að þeir ársreikningar breyti eðli gjafarinnar eða að með þeim færslum hafi stofnast krafa á stefnda. Frekar verði að líta á ársreikningana sem yfirlýsingu stefnanda um framlög sín til kaupa á húsæðinu. Sama eigi við um uppfærslur stefnda á þeim fjárhæðum miðað við breytingar á lánskjaravísitölu og útreikning vaxta. Hvorki séu vextirnir né vísitöluhækkunin bókfærð og sé þeirra einungis getið í skýringum í ársreikningum húsakaupanefndar til að upplýsa um framreiknað framlag stefnenda við kaup stefnda á húsinu á sínum tíma. Ársreikningarnir geti aldrei verið grundvöllur kröfu á hendur stefnda og skipti þá ekki máli hvort ársreikningarnir hafi verið afhentir stefnda og lagðir fram til umfjöllunar í landsstjórn stefnda eða á landsþingum stefnda. Líta verði til þess að það hafi verið stefnendur sem stóðu að gerð ársreikninganna og hafi þeir aldrei óskað eftir því að þeir yrðu endurskoðaðir af

endurskoðanda stefnda. Stefnendur hafi heldur aldrei óskað eftir því að landsþing stefnda fjallaði um eða samþykkti ársreikninga nefndarinnar. Engu breyti þótt landsforseti stefnda hafi setið í húsnefndinni ásamt stefnendum enda hafi hann ekki sem einn nefndarmanna getað skuldbundið stefnda gagnvart stefnendum.

Stefndi mótmælir því að greiðsla til ekkju Ásgeirs Gunnarssonar á árinu 1991 og innborganir á árunum 1996 og 2001 inn á kröfur stefnenda hafi falið í sér viðurkenningu stefnda á kröfum þeirra. Um hafi verið að ræða ákvarðanir nefndarinnar sjálfrar um greiðslur af reikningi sem var á hennar forræði. Hafi í þessum ráðstöfunum því ekki falist nein viðurkenning af hálfu stefnda.

Stefndi hafnar því að í fyrrgreindri yfirlýsingu frá 1996 felist viðurkenning á skuld stefnda við stefnendur. Þar komi fram viðurkenning á því að stefnendur hafi lagt fram „persónulegar skuldbindingar“ vegna kaupa á fasteigninni. Jafnframt að þeir hafi ætlað í fyllingu tímans að skila eigninni skuldlausri til stefnda án þess að tímamörk væru sett enda væri þetta „háð greiðsluskilmálum lána, greiðslugetu gefenda og arðgreiðslum af rekstri hússins“. Samkvæmt orðanna hljóðan í yfirlýsingunni hafi hér virst vera vísað til lána sem stefnendur höfðu tekið vegna húsakaupanna í upphafi og þeir verið að greiða af. Um þessi lán og greiðslugetu stefnanda liggi hins vegar ekkert fyrir í þessu máli. Einnig er tekið fram að yfirlýsingin sé undirrituð þann 8. maí 1996 en þá liggi ekki fyrir ársreikningur fyrir árin 1994-1996 sem ná yfir tímabilið 1. júní 1994 til 31. maí 1996. Þannig sé ekki ljóst hvort landsforsetum þeim er undirrituðu yfirlýsinguna hafi verið kunnugt um að langtímalán hafi verið uppgreidd árið 1994 og að þeir hafi verið fyllilega upplýstir um þáverandi eigna- og skuldastöðu.

Stefndi telur fráleitt að túlka yfirlýsinguna og orðalagið „arðgreiðslur af rekstri hússins“ á þann veg að hún veiti stefnendum frjálsa heimild til að ákveða hvernig skuli farið með eignina og hvernig tekjum af henni skuli ráðstafað. Engu að síður hafi stefnendum verið gefnar frjálsar hendur með leigu á eigninni allt fram til ársloka 2012 þegar stefndi ákvað að taka í taumana og nýta sér eignina í samræmi við tilgang sinn. Hafi stefndi talið ákvörðun þessa að fullu heimila án krafna frá þeim sem lögðu fram styrk til kaupanna á sínum tíma. Taldi stefndi jafnframt að gefendur hússins gætu ekki staðið í vegi fyrir því að lögmætur eigandi eignarinnar tæki til sín eignarráðin.

Stefndi byggir varnir sínar einnig á því að hugsanlegar kröfur stefnenda séu fallnar niður fyrir tómlæti eða fyrningu. Hann vísar til þess að fyrningarfræstur hafi verið 10 ár samkvæmt fyrningarlögum nr. 14/1905, sbr. 2. mgr. 4. gr. laganna. Ef miða eigi gjalddaga við afhendingu eignarinnar hinn 2. maí 1987 séu kröfurnar löngu fyrndar. Því er alfarið hafnað að atvik hafi gerst síðar sem leitt hafi til slita á fyrningu. Fyrir liggi að stefnendur hafi greitt inn á kröfur sínar sjálfir og hafi

stefndi enga aðkomu haft að því eða gefið út yfirlýsingu í tengslum við þær innborganir. Þó svo tekið væri tillit til innborgana sem stefnendur greiddu til sín á árunum 1996 og 2004, væri krafan aukinheldur fyrnd þegar birting stefnu í málinu kom fram. Stefnendur hafi engan reka gert að því að innheimta þessar meintu kröfur fyrr en á árinu 2015 með innheimtubrési sem landsforseti stefnda svaraði og hafnaði öllum kröfum þeirra. Hafi krafa verið til staðar sé hún fallin niður fyrir tómlæti á þeim hartnær 30 árum sem liðin séu frá því ábyrgðir voru lagðar fram og greiddar

Stefndi vísar til þess að þótt stefnendum takist að sanna eða leiða líkur að því að kröfur hafi stofnast eða verið viðurkenndar á einhverjum tímapunkti geti þetta aðeins náð til höfuðstóls en ekki vaxta eða verðbóta. Þá verði að líta til þess að stefndi hafði aldrei tækifæri til að greiða hina meintu kröfu, hvorki með beinum hætti með greiðslu kröfunnar, né því að fá arð af eigninni til að gera hana upp

Til enn frekari stuðnings sýknukröfu sinni bendir stefndi á að stefnendur hefðu átt að ráðstafa þeim greiðslum sem þeir greiddu sér inn á höfuðstól krafna sinna en ekki inn á vexti enda hafi hvorki vísitöluhækkunin né vextirnir verið bókfærð í ársreikningum húsnefndar og aldrei verið gerð krafa um slíkt þó svo talið yrði að landsþing stefnda hafi samþykkt ársreikninga húsnaðisnefndar.

Með hliðsjón af úrlausn málsins er ekki ástæða til að gera grein fyrir sjónarmiðum stefnda vegna varakröfu eða greiðslu vaxta.

Niðurstaða

Svo sem áður er rakið gera stefnendur í máli þessu kröfur um endurgreiðslu fjár, að viðbættum 5,75% vöxtum og verðbótum, sem þeir inntu af hendi vegna kaupa stefnda á fasteigninni að Hellusundi 3 samkvæmt kaupsamningi dagsettum 24. september 1986. Ekki er lengur um það deilt að stefnendur, ásamt Ásgeiri Gunnarssyni, inntu af hendi tilteknar fjárhæðir vegna kaupanna og gengust auk þess í ábyrgðir vegna lána sem tekin voru vegna þeirra. Af hálfu stefnda var því einnig lýst yfir við munnlegan flutning málsins að því væri ekki mótmælt að umræddir þrír menn, sem skipuðu umsjónarnefnd fasteignarinnar, hefðu í kjölfar kaupanna haft heimild til að greiða sér til baka þessar fjárhæðir af þeim tekjum sem kæmu til vegna leigu á húsnaðinu, þó þannig að aldrei hafi verið samþykkt að kröfur þeirra bæru vexti og verðbætur. Hins vegar mótmælir stefndi því að um það hafi verið samið, eða það síðar samþykkt af hálfu stefnda, að umræddir þrír menn gætu krafði stefnda beint um endurgreiðslu fjárins, hvað þá að slík krafa hafi átt að bera vexti og verðbætur.

Samkvæmt þessu verður að líta svo á að fjárframlög stefnenda og Ásgeirs Gunnarssonar hafi grundvallast á gagnkvæmu samkomulagi þeirra og stefnda í

tilefni af kaupunum á Hellusundi 3 haustið 1986, enda þótt enginn skriflegur samningur hafi verið gerður um hvernig og með hvaða kjörum bæri að greiða framlögin til baka.

Samkvæmt framangreindu snýst meginágreiningur aðila í reynd um efni þess samkomulags sem gert var haustið 1986 og þeirra viljayfirlýsinga sem lágu því til grundvallar. Við úrlausn um þetta atriði telur dómurinn að horfa verði til allra atvika við upphaf lögskipta aðila, svo og eftirfarandi háttsemi aðila við framkvæmd þeirra skyldna sem þeir töldu leiða af samningi sínum og gagna þessu tengdu.

A

Í málinu er ágreiningslaust að stefnendur, ásamt Ásgeiri Gunnarssyni, áttu frumkvæði að því að fasteignin að Hellusundi 3 var keypt fyrir hönd stefnda með áðurlýstum kaupsamningi 24. september 1986. Liggur einnig fyrir að útborgun var að stærstum hluta fjármögnuð með framlögum þeirra þriggja, svo og lánnum sem þeir gengust í persónulegar ábyrgðir fyrir. Líkt og áður greinir gáfu stefnendur, ásamt Ásgeiri Gunnarssyni, út yfirlýsingu í framhaldi af kaupunum eða 5. desember 1986. Var þar vísað til þess að „upp virðist kominn ágreiningur um það, hvort tímabært hafi verið að leggja út í fjárfestingu JC-húss“. Kom þar annars vegar fram að stjórn stefnda sæi sér tæplega fært að greiða leigu fyrir húsnæðið, en hins vegar teldu undirritaðir sig hafa möguleika á því að leigja út húsnæðið á viðunandi kjörum „til að standa undir fjármögnun fyrir utan þá upphæð er þeir sjálfir leggja til, og standa í ábyrgð fyrir.“ Þá sagði í yfirlýsingunni að í ljósi alls þessa og til þess að koma í veg fyrir ágreining innan JC-hreyfingarinnar hefðu undirritaðir ákveðið að „axla byrðina sjálfir, fram til ársins 1990, og munum þá afhenda hreyfingunni húsið formlega og þá í góðu ástandi og skuldlaust“.

Með „samningi“ dagsettum 7. maí 1989, sem áður hefur verið gerð grein fyrir, voru stefnendur, ásamt Ásgeiri Gunnarssyni, skipaðir til fimm ára í sérstaka nefnd til umsjónar fasteigninni. Kom fram í skjalinu að eftir þann tíma skyldi endurskoða samninginn með hag hreyfingarinnar í huga. Svo sem áður greinir liggur einnig fyrir í málinu „XIX. reglugerð um stjórn JC hússins“ dagsett 4. júlí 1991, þar sem fram kemur í fyrstu grein að tilgangurinn með skipan stjórnarinnar sé að tryggja rekstur hússins og skila því skuldlausu í hendur JC-hreyfingarinnar. Þá segir í fjórðu grein að stjórnin skuli ljúka störfum í núverandi mynd í lok þess starfsárs er gefendur hússins hafi losnað endanlega undan fjárhagslegum skuldbindingum tengdum húsinu og rekstri þess. Er þannig sá munur á fyrrgreindum „samningi“ og „reglugerð“ að í síðarnefnda skjalinu er skipunartíma stefnenda ekki lengur markaður ákveðinn tími.

Efnislega sambærileg ákvæði og í reglugerðinni 1991 var að finna í reglugerð frá 1997 og drögum að nýrri reglugerð árið 2011. Er ekki um það deilt að

umræddum reglugerðum var ætlað að endurspegla samkomulag stefnenda og stefnda um fjármögnun og ráðstöfun hússins.

B

Að mati dómsins verða umrædd gögn málsins ekki túlkuð á aðra leið en að stefnendur hafi frá upphafi lofað stefnda að afhenda honum umrædda fasteign án áhvílandi skulda. Fær sú túlkun einnig stoð í yfirlýsingu sem átta landsforsetar stefnda, starfsárin 1986 til 1996, undirrituðu 8. maí 1996 og gerð hefur verið grein fyrir í umfjöllun um málsatvik hér að framan. Að því marki sem stefnda var lofað afhendingu á skuldlausu húsnæði án endurgjalds var því um að ræða örlætisgerning af hálfu stefnenda og áðurnefnds Ásgeirs. Fær þetta einnig stoð í því að í fjölmörgum gögnum málsins, þ. á m. fyrrnefndri reglugerð um stjórn hússins frá 1991 og áðurlýstri yfirlýsingu, þar sem vísað er til stefnenda sem „gefenda“ og þeim almennt lýst sem velgjörðarmönnum JC-hreyfingarinnar.

Að mati dómsins haggar það ekki fyrrgreindri meginniðurstöðu um inntak samkomulags aðila að gögn málsins, einkum fyrrnefnd reglugerð frá árinu 1991, verða einnig túlkuð á þá leið að báðum megin borðsins hafi verið litið svo á að það tímamark þegar „gefendur hússins hefðu endanlega losnað undan fjárhagslegum skuldbindingum tengdum húsinu og rekstri þess“ væri sveigjanlegt og stefnendum, sem umsjónarmönnum fasteignarinnar, væri það að verulegu leyti í sjálfsvald sett hvernig þeir nýttu fasteignina þannig að þessu markmiði yrði náð. Þvert á móti samræmist sá sveigjanleiki, sem stefnendum var játaður í þessu sambandi, því að hér var um að ræða örlætisgerning af þeirra hálfu sem hafði það að markmiði að skila stefnda að endingu skuldlausri fasteign til eigin nota, svo og til hugsanlegrar tekjuöflunar til framtíðar.

Í þessu ljósi verður einnig að skilja ákvæði fyrrgreindrar yfirlýsingar 8. maí 1996 þess efnis að sú kvöð hafi fylgt „gjöfinni af hendi gefenda“ að húsið skyldi ekki selt eða því ráðstafað með öðrum hætti nema með samþykki „gefanda“ og „þiggjanda“, svo og umræður á framkvæmdastjórnarfundum stefnda fáum dögum síðar. Var með þessu í reynd viðurkennt að sala hússins væri háð samþykki stefnenda og þar með uppgjöri um endurgreiðslu sem þeir teldu ásættanlegt. Svo sem áður er rakið kom hins vegar ekki til sölu fasteignarinnar og verður ekki önnur ályktun dregin af atvikum málsins en að þær lyktir hafi verið í samræmi við vilja stefnenda á þeim tíma.

C

Samkvæmt öllu framangreindu verður að hafna þeirri skýringu á samningssambandi aðila að stefnendur hafi átt beina og óskilyrta kröfu gegn stefnda vegna þeirra fjárframlaga sem þeir höfðu innt af hendi. Hins vegar er ekki lengur um það deilt að stefndu höfðu heimild til að ákveða sjálfum sér

endurgreiðslur af tekjum hússins eftir því sem þær hrykkju til og var þá jafnframt gert ráð fyrir því að með því fyrirkomulagi yrðu kröfur stefnanda að endingu greiddar upp og húsið afhent stefnda skuldlaust.

Svo sem áður greinir verður að túlka samningssamband aðila á þá leið að stefnendur, sem sátu í umsjónarnefnd fasteignarinnar, fyrst samkvæmt „samningi“ en síðar á grundvelli svonefndra reglugerða stefnda, hafi haft verulegt svigrúm til þess að ákveða hvernig eignin var nýtt og hvort eða að hvaða marki þeim voru inntar af hendi endurgreiðslur með tekjum af eigninni. Verður þannig ekki annað ráðið af gögnum málsins og skýrslum fyrir dómi en að ákvörðun um greiðslu til ekkju Ásgeirs Gunnarsonar árið 1991, svo og til stefnanda sjálfra árin 1994 og 2003, hafi verið teknar af téðri húsnæðisnefnd. Jafnframt hafi verið litið svo á af hálfu fyrirvarsmanna stefnda að hér væri um að ræða mál sem væru á forræði nefndarinnar þar sem stefnendur voru í meirihluta. Sama virðist eiga við um ákvarðanir um leigusamninga og aðra nýtingu eignarinnar.

Þótt stefndi hafi fallist á að í samkomulagi aðila hafi falist réttur stefnanda til endurgreiðslu á fjárframlögum sínum af tekjum fasteignarinnar, verður allt að einu að horfa til þess að markmiðið með samningi aðila var sem fyrr að tryggja stefnda „skuldlaust húsnæði“ og þjóna þannig langtímahagsmunum hans. Getur ekki farið á milli mála, einkum í ljósi þeirrar sérstöku stöðu sem stefnendur höfðu við umsjón og ráðstöfun fasteignarinnar, að stefnendum bar því skylda til að standa þannig að framkvæmd samningsins að hagsmunir stefnda sköðuðust ekki. Átti þetta því frekar við að stefnendur byggja máltilbúnað sinn nú á því að þeir hafi frá upphafi talið sig eiga rétt á endurgreiðslu fjárframlags síns með verðbótum og vöxtum sem virðast taka mið af því sem tíðkanlegt var um kjör á veðtryggðum fasteignalánnum.

Samkvæmt þessu verður að hafna því að stefnendur hafi haft um það óheft mat hvenær kröfur þeirra um endurgreiðslu yrðu gjaldkræfar eða að þeir hafi getað krafist fullrar greiðslu úr hendi stefnda á hvaða tíma sem var, enda væri húsið ekki selt eða því ráðstafað til þriðja aðila.

D

Í málinu liggur fyrir að stefnendum voru fyrst greiddar fjárhæðir árið 1996 vegna þeirra fjárframlaga sem þeir höfðu innt af hendi. Í ljósi þess sem áður hefur verið rakið um inntak samkomulags aðila verður að líta svo á að eigi síðar en þá hafi stefnendur litið svo á að kröfur þeirra væru í heild sinni orðnar gjaldkræfar í skilningi 5. gr. laga nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda, sbr. 1. tölulíð greinarinnar. Verður því að leggja til grundvallar að seinast frá þessu

tímamarki hafi 10 ára fyrningarfrestur vegna krafna stefnenda hafist, sbr. 4. gr. laganna. Var sá tími auk þess vel innan þeirra tímamarka sem miðað var við í upphafi, sbr. þau tímamörk sem rætt var um í fyrrgreindu bréfi 5. desember 1986 og kveðið var á um í téðum „samningi“ 7. maí 1989. Var stefnendum einnig í lófa lagið að leita eftir staðfestingu stefnda á skuldinni fyrir lok þessa tíma við þær aðstæður að ekki tækist að greiða hana upp með tekjum af eigninni, svo sem samkomulag aðila gerði ótvírætt ráð fyrir, og rjúfa þannig fyrningu.

Ekki verður á það fallist að kröfur stefnenda hafi verið viðurkenndar af hálfu stefnda með viðtöku ársreikninga umsjónarnefndar fasteignarinnar á ársfundum sínum, þar sem gerð var grein fyrir skuldastöðu við stefnendur í skýringum. Sama á við um yfirlýsingu hússtjórnar stefnda frá árinu 2014 þar sem kröfum stefnenda var efnislega mótmælt. Jafnvel þótt litið yrði svo á að innborgun inn á skuld við stefnendur árið 2003 hafi rofið fyrningu er sömuleiðis ljóst að 10 ára fyrningarfrestur vegna krafna stefnenda var liðinn þegar málið var höfðað 1. apríl 2016. Samkvæmt þessu eru kröfur stefnenda fallnar niður fyrir fyrningu og ber að sýkna stefnda af kröfum stefnenda af þeirri ástæðu.

Eftir úrslitum málsins þykir rétt að stefnendur greiði stefnda málskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn 1.200.000 krónur og hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Af hálfu stefnenda flutti málið Axel Ingi Magnússon hdl.

Af hálfu stefnda flutti máli Guðmundur Ágústsson hrl.

Skúli Magnússon héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð

Stefndi, Junior Chamber International á Íslandi, er sýkn af kröfu stefnenda, Árna Þórs Árnasonar og Karls Steingrímssonar.

Stefnendur greiði stefnda sameiginlega 1.200.000 krónur í málskostnað.

Skúli Magnússon